Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

24. tölublað — Þriðjudagur 13.6. 1978 — 7. árg. — verð kr. 100.-

Vel heppnuð Keflavíkurganga



Samtök herstöðvaandstæðinga stóðu fyrir mjög vel heppnaðri Keflavíkurgöngu sl. laugardag. Veðrið var frekar slæmt, byrjaði með súld og hressandi golu, en hvessti svo og kólnaði. Miðaði göngunni hratt áfram, enda vindur í bakið og voru menn fúsir af stað frá áningastöðum enda lítið skjól þar og vöðvarnir fljótir að stirðna í næðingnum. Ættu menn að klæðast föður landi næst þegar gengið er, því slíkur fatnaður heldur á mönnum jöfnum hita.- Höfðu vanir göngumenn á orði, að vegna kuldans og roksins hefði þetta verið ein erfiðasta Keflavíkurgangan og þeir sem komist höfðu svo hátt að klífa Hvannadalshnjúk, sögðu það vera barnaleik á móts við þessa göngu. Það er athyglisvert að í því veðri sem þarna var, mættu lítið færri en '76 og örugglega eins margir ef ekki fleiri en í Straumsvíkurgönguna '77. Fólk sem fer í Keflavíkurgöngu er ekki að fara í neina skemmtigöngu og það lætur hvorki veður né vind

Framhald á síðu 2.

SVIK nýkjörinnar borgarstjórnar í kaupgjaldsmálum

Nýkjörin borgarstjórn Reykjavíkur undir forystu Alþýðubandalagsins hefur nú sýnt sitt rétta andlit til kröfu verkafólks um að samningarnir verði aftur í gildi. Hingað til hefur það verið skýr krafa verkalýðshreyfingarinnar að samningarnir er gerðir voru síðasta sumar verði haldnir og fullar verðbætur verði greiddar á laun, aftur til þess tíma er ríkissstjórnin rifti samningum með kaupránslögunum 1. mars. En það er ekki ætlun nýkjörinnar borgarstjórnar að borga að öllu leyti út þá samninga er verkalýðshreyfingin gerði við atvinnurekendur síðasta sumar. Samkvæmt ummælum forystumanna stærstu verkalýðsfélaganna í Reykjavík, sem aðild eiga að samningum við Reykjavíkurborg, ætla þeir að ganga að tilboði borgarstjórnarinnar um að aðeins hluti samninganna verði aftur í gildi.

Kaup lægstu taxta verkalýðsfélaganna er borgarstarfsmenn vinna eftir verður greitt óskert, þannig að nú verður það 169 þús. krónur á mánuði fyrir dagvinnu. Kaup annara borgarstarfsmanna, eins og t.d. verkamanna í iðnaðarmannafélögunum verður ekki borgað út samkvæmt samningum fyrr enn líða tekur á sumarið, og þá í áföngum. Verðbætur á laun allra borgarstarfsmanna og það sem kjararánslögin hafa klipið af launum frá 1. mars og til dagsins í dag, verður látið óbætt.

Hér er um verulegan undanslátt að ræða hjá forystumönnum hlutaðeigandi verkalýðsfélaga og nýkjörinni borgarstjórn sem lofaði því eftir kosningarnar að samningarnir yrðu greiddir út óskertir. Þessi beinu svik er forystumenn Alþýðubandalagsins hafa allan heiðurinn af, eru enn eitt dæmið um hve ábyrga afstöðu sá flokkur tekur til atvinnurekenda og bitlingasnata þeirra, er hirða arðinn af fyrirtækjum er Reykjavíkurborg á og rekur. Framferði Alþýðubandalagskratanna í stjórn Reykjavíkurborgar og í stjórnum verkalýðsfélaganna ættu allir verkamenn að hafa hugfast, ef þeir halda ennþá að Alþýðubandalagið sé sá flokkur er ver hagsmuni verkalýðsins.

Hvað hyggst Alþýðubandalagið fyrir ?

Eftir kosningasigur Alþýðubandalagsins í borgar- og sveitastjórnakosningunum í maí sl., sjá forvígismenn flokksins hylla undir þáttöku í ríkisstjórn næsta kjörtímabils. Nú þegar eru forvígismenn Alþýðubandalagsins farnir að mynda nýja "alþýðustjórn" í huga sínum og velta því fyrir sér með hverjum hentugast sé að rugla reitunum saman. Í viðtali sem haft var við Einar Olgeirsson syrir skömmu, sagði hann m.a. að nú yrðu verkalýðsflokkarnir að standa saman. Þykir þetta benda til þess að Alþýðubandalagsforystan vonist til þess að koma eins konar "vinstri-viðreisnar stjórn" á að kosningum loknum

Þessi möguleiki er þó vart fyrir hendi, þar sem atkvæðamagn þessara tveggja flokka mun naumast nægja til myndunar meirihlutastjórnar. Verkalýðsflokkurinn sem Einar á við, er enginn annar en Alþýðuflokkurinn með Vilmund Gylfason (verkalýðsforingja) í fararbroddi. Hvort sem þetta er óskhyggja hins aldna foringja Alþýðubandalagsins, eða hversdagsleg Framsóknarpólitík - að halda öllum endum opnum - veit þó enginn enn.

<u>Söguleg málamiðlun í íslenskum búningi.</u>

Þjóðviljinn hefur títt vitnað til ítalska endurskoðunarsinnaflokksins undir forystu Enrico Berlinguers á undanförnum árum. Ekki vegna þess að flokkur hans hafi staðið sig framar öðrum í leiðsögn verkalýðsbaráttunnar, heldur vegna hins, að Berlinguer hefur gerst talsmaður Evrópukommúnismans svo nefnda. Markmið ítalska flokksins er að koma á svokallaðri "sögulegri málamiðlun", þ.e. samstarfi afturhaldsaflanna í kristilega demókrataflokknum ítalska og kommúnistaflokksins. Þessi sögulega málamiðlun ítalskra kommúnista kallast á íslensku nýsköpunarstjórn, en margt bendir til þess að Alþýðubandalagsforystuna langi í bólið hjá NATO-Geira eftir kosningar.

Framhald á síðu 2.

Munið kosningafund K - listans í Iðnó kl: 2⁰⁰ sunnudaginn 18. júní

Kommúnistaflokkur Íslands

Fram koma: Hjördís Bergsdóttir, Þorlákur Mortens og nokkrir félagar úr Kommúnistaflokknum sjá um upplestur Ræðumenn verða Gunnar Andrésson rafvirki, Benedikt Kristjánsson verkamaður, og Margrét Einarsdóttir kennari. Fundarstjóri verður Nanna Arthúrsdóttir.

Allir velkomnir

xK xK xK xK xK xK xK

LEIÐARI

Hvers vegna kjósum við Kommúnistaflokkinn ?

Alþýðubandalagið hefur í kosningaáróðri sínum lagt mikla áherslu á það að ekki megi kjósa, það sem þeir kalla smáflokka til vinstri. Þessu til stuðnings segja þeir, að ef eitt slíkt framboð hefði komið fram við borgarstjórnarkosningarnar og fengið ca. 60 atkvæði frá Alþýðubandalaginu, hefði það nægt til að íhaldsmeirihlutinn héldi velli. Þetta er rétt.

Að vissu leyti er það Kommúnistaflokknum að þakka að íhaldið er fallið í Reykjavík og Alþýðubandalagið getur þakkað Kommúnistaflokknum fyrir að það hefur nú fimm borgarfulltrúa. En snýst baráttan í Alþingiskosningunum, baráttan fyrir því að fella ríkisstjórnina, um það hvort Kommúnistaflokkurinn tekur atkvæði frá Alþýðubandalaginu eða ekki?

Nei, baráttan í Alþingiskosningunum snýst ekki um það að fella meirihluta stjórnarflokkanna, til þess þyrftu þeir að tapa 12 þingsætum. Slíkar hugmyndir væru fráleitir dagdraumar. Baráttan stendur um það að höggva sem stærst skarð í raðir hægri manna, um það að raunveruleg vinstri sveifla verði í íslenskum stjórnmálum. Og megin forsenda þess að um raunverulega vinstri sveiflu verði að ræða, er að Kommúnistaflokknum verði tryggður alþingismaður í þessum kosningum.

Alþýðubandalagið hefur algerlega forðast að taka málefnalega afstöðu til framboðs Kommúnistaflokksins og baráttumála hans. Forystan hefur ekki séð ástæðu til að svara hinni hörðu gagnrýni sem Kommúnistaflokkurinn hefur sett fram á ólýðræðisleg vinnubrögð Alþýðubandalagsins og stefnu þess, sérstaklega innan verkalýðshreyfingarinnar. Ástæðan fyrir þessu er einföld. Málstaður Alþýðubandalagsforystunnar og sviksemi hennar í garð íslensks verkafólks er hreinlega óverjandi. Þess vegna velur forystan ódýrar baráttuaðferðir, eins og að tala um smáframboðin, í stað þess að taka upp málefnalega baráttu. Alþýðubandalagsforystan er nú komin það langt til hægri að hún hugsar aðeins um það eitt að tryggja sér völd og áhrif í ríkisvaldinu. Það sýnir best framboð Ólafs Ragnars Grímssonar í Reykjavík. Með því að styðja framabrölt Ólafs Ragnars Grímssonar og hans nóta, er verkalýðshreyfingin að kjósa yfir sig hægri sveiflu. Þessir menn eru tilbúnir til að selja hagsmuni verkalýðsins fyrir völd og ráðherrastóla, þegar mest á reynir fyrir verkalýðshreyfinguna að standa þétt saman í hagsmunabaráttunni.

Alþýðubandalagið ætlar sér í ríkisstjórn og til þess að ná því takmarki sínu er það tilbúið til að fórna bæði málstað herstöðvaandstæðinga og baráttu verkalýðsins fyrir lífvænlegum launum fyrir dagvinnu.

Baráttan í Alþingiskosningunum stendur fyrst og fremst um það að stjórnarflokkarnir tapi sem mestu og þá sérstaklega íhaldið. En baráttan stendur einnig um það hvernig atkvæðin skiptast í herbúðum vinstri manna. Það er mikilvægt að hamla gegn þeirri hægri þróun sem nú á sér stað innan verkalýðshreyfingarinnar, undir forystu og í góðu samstarfi verkalýðsforingja Alþýðubandalagsins, Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins.

Þetta verða vinstri menn að hafa hugfast er þeir kjósa 25. júní. Þeir verða að kjósa K - listann, lista Kommúnistaflokks Íslands til að koma í veg fyrir svik hægri sinnaðra forystumanna Alþýðubandalagsins.

Hvað hyggst Alþýðubandalagið fyrir ?

Framhald af forsíðu.
Þröstur Ólafsson, fyrrverandi aðstoðariðnaðarráðherra í tíð Magnúsar Kjartanssonar, viðraði þessa skoðun nýlega í tímariti Máls og Menningar, þar sem hann lagði til að sett yrði á samstjórn stéttanna. Þó er slæmur ljóður á þessum ráðahag, þar sem samstarf Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks myndi afhjúpa utanríkisstefnu Alþýðubandalagsins algerlega og breyta flokknum úr hernámsandstæðingaflokki í hálfvolga hernámssinna. Það er því von, að Alþýðubandalaginu þyki sætast að tala um stjórn verkalýðsflokkanna, a.m.k. þar til kosningarnar eru í höfn. Opinber yfirlýsing frá þess hálfu um hugsanlegt samstarf við Sjálfstæðisflokkinn myndi að öllum líkindum grafa undan kjörfylgi flokksins í næstu kosningum, þann 25. júní n.k. Sögulega málamiðlunin sem gerð er fyrir opnum tjöldum á Ítalíu, fer að öllum líkindum fram bak við tjöldin á Íslandi, ef hún verður þá reynd. En hitt er víst, að Alþýðubandalagsforystan vonast eftir svo stórum kosningasigri nú, að Alþýðubandalagið verði næst stærsti stjórnmálaflokkur landsins og að þeim verði falin myndun næstu ríkisstjórnar sem sigurvegurum kosninganna. Fari svo, sem alls ekki er útilokað, ef marka má af þeim róttæku breytingum sem urðu í bæjarstjórnarkosningunum, fýkur illilega í það skjól, sem AB-forystan hefur ævinlega skriðið í þegar kosningaloforðin hafa verið svikin. Verði Alþýðubandalagið stærsti flokkurinn í næstu ríkisstjórn, verður óhægt fyrir það að bera þá útþvældu afsökun fyrir sig, að hernum hafi ekki verið vísað á brott og ekki gengið úr NATO, vegna vilja samstarfsflokka í stjórninni. Þá þýðir heldur ekki að segja að það hafi verið runnið undan rótun Framsóknar að kippa vísitölunni úr sambandi eða skerða kjör almennings í landinu, eins og alþýðustjórnin sáluga gerði. Þá verður Alþýðubandalagið að taka á sig afleiðingar gerða sinna - kannski í fyrsta sinn.


Kristján Guðlaugsson skrifar frá Lundi í Svíþjóð.

Hvað verður um loforðin?

Alþýðubandalagið vann sigur sinn í bæjarstjórnarkosningunum, mikið vegna þess að alþýða landsins snerist gegn kjararánslögum núverandi ríkisstjórnar og studdi í staðinn þann flokkinn sem hæst hefur látið gegn þeim. Það má því reikna með, að almenningur krefjist þess að til framkvæmda verði gripið og að Alþýðubandalagið standi við loforð sín. Meira að segja Ólafur Jóhannesson bendir á þetta í viðtali við Morgunblaðið, þar sem hann segist bíða spenntur eftir því að aðalaflið í stjórn Reykjavíkur endurgreiði vísitöluskerðinguna, sem sett var á með kjararánslögunum illræmdu í febrúar sl. Ólafur veit sem er, að þetta er ekki hægt nema með því að skerða gróða auðmanna. Og hann þykist þess fullviss, að Alþýðubandalagsforystan muni aldrei grípa til þess úrræðis. En það er skiljanleg krafa allra þeirra sem veittu Alþýðubandalaginu tilstyrk sinn í kosningunum í maí sl., að kjaraskerðingin verði strax bætt og því sem rænt var úr launaumslögunum í febrúar verði tafarlaust skilað aftur. Það er bara eftir að sjá, Alþýðubandalagið er reiðubúið að taka þetta fjármagn af atvinnurekendum og nota það til að bæta kjör alþýðunnar, eða hvort þeir veita atvinnurekendum stuðning sinn og framfylgja kjararánsstefnu íhaldsflokksins sem stjórnaði borginni áður. Að sjálfsögðu spyrja menn sjálfa sig, hvað verður um loforðin sem Alþýðubandalagið gaf fyrir kosningar? Það er annars athyglisvert atriði, að Alþýðubandalagið missti einn mann á Neskaupsstað, þar sem það hafði mikinn meirihluta. Það skyldi þó aldrei vera að "sósíalíska" bæjarstjórnin á Neskaupsstað hafi ekki staðið sig í stykkinu?

Vel heppnuð Keflavíkurganga

Framhald af forsíðu.
aftra sér. Slíkt fólk er staðráðnir baráttumenn sem eru fúsir að leggja margvíslegt erfiði á sig til að ná markmiðum sínum fram. Baráttuandinn í svona göngu er stórkostlegur og þeir sem einu sinni taka þátt í henni eru orðnir staðfastir herstöðvaandstæðingar. Það er kannski einn mikilvægasti árangur aðgerða sem þessarar að fá þá sem tekið hafa afstöðu með málstað herstöðvaandstæðinga í hljóði, til að taka þátt í aðgerðunum, því hvort sem menn ganga alla leið, eða sameinast hinum mikla fjölda í Reykjavík, þá hafa þeir tekið afstöðu sem þeir hvika ekki svo auðveldlega frá.

Ekki fer hjá því við undirbúning Keflavíkurgöngu og annara aðgerða herstöðvaandstæðinga upphefjist eitthvert pot milli þeirra stjórnmálaafla sem styðja SHA, ekki síst á tímum eins og nú þegar kosningar eru í nánd. Miðnefnd reyndi að velja menn eftir því að þeir væru virkir herstöðvaandstæðingar og einnig að þeir höfðuðu til einhverra ákveðinna hópa í þjóðfélaginu. Hugmyndir voru um að velja einhvern úr verkalýðshreyfingunni, án þess þó að leita alltaf til forystu hennar. Stungið var upp á Sigurði Jóni Ólafssyni verkamanni í Straumsvík og var samþykkt að hann talaði í Hafnarfirði. Einnig talaði þar Bergljót Kristjánsdóttir, en hún hefur verið mjög virk í herstöðvaandstæðingahreyfingunni í Hafnarfirði. Í Keflavík talaði Gylfi Guðmundsson tilnefndur af Keflavíkurhóp SHA. Í Kúagerði talaði Örn Ólafsson sem lengi hefur verið starfandi herstöðvaandstæðingur. Í Kópavogi töluðu Pétur Tyfingsson sem m.a. hefur mætt víða sem málsvari herstöðvaandstæðinga á fundum í skólum og Guðsteinn Þengilsson gamalreyndur herstöðvaandstæðingur og félagi í miðnefnd SHA. Á Lækjartorgi varð svo fyrir valinu Magnús Kjartansson sem lengi hefur verið í fylkingu herstöðvaandstæðinga og Ásmundur Ásmundsson formaður miðnefndar SHA flutti ávarp miðnefndar og stýrði fundi.

En einhversstaðar urðu menn þó að koma sínni einkasýningu að, og varð fremsti fánaberi fyrir valinu hjá Alþýðubandalaginu. Er athyglisvert að Þjóðviljinn gerði því skóna, þegar fyrir göngu, að Þór Vigfússon myndi verða fremsti fánaberi síðasta spölinn. Fór reyndar líka svo að Þór tók við íslenska fánanum í Kópavogi og bar hann í broddi fylkingar allveg niður á torg, þrátt fyrir mótmæli fólks sem taldi ekki rétt að láta borgarfulltrúa Alþýðubandalagsins vera fánabera herstöðvaandstæðinga, heldur ætti að fá til þess liðsmann sem ekki væri notaður sem flokksauglýsing. Enda fór svo að Þjóðviljinn hefur óspart hælst um yfir þessum liðsmanni sínum er hafi "fylkt æskulýðnum að baki sér" í Keflavíkurgöngunni.

Annars tókst gangan í alla staði vel. Tveir talningamenn sögðu að 580 manns hefðu lagt af stað frá hliðum Keflavíkurflugvallar. Þaðan var gengið með spili og söng, Elías Davíðsson þandi nikkuna af ótrúlegum móð og m.a. lék Þorvaldur Örn Árnason á gítar og lífgaði slíkt mjög upp á gönguna. Margir kannast við slagorðið Geir í herinn og herinn burt, en nokkrir vildu ekki láta Geir sleppa svo vel og þegar gengið var fram hjá Straumsvík hrópuðu þeir: Geir í kerin og kerin burt. Þegar komið var í þéttbýli glumdu slagorðin Ísland úr NATO - herinn burt, svo undir tók.

Mikill fjöldi kom á fundinn á Lækjartorgi, en þeir göngumóðustu höltruðu hið skjótasta á brott svo fljótlega fækkaði á fundinum.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

- Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 15:30 - 18:30.
- Hellisandur: Sigfus Almarsson Hellisbraut 10.
- Stykkishólmur: Gísli Hjaltason P. O. Box 63.
- Akureyri Jón Atli Játvarðsson Skarðshlíð 30.
- Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38
- Hornafjörður: Skúli Waldorff, Bókabúð KASK.
- Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.
- Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjavíkurvegi 24.
- Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11N:220, 222 46 LUND. Hrólfur B. Ágústsson Uppstigen 139-31, 421 80 GÖTEBORG.

Viðtal við Sigurð Inga Andrésson: Um Leigjendasamtökin



Sigurður Ingi Andrésson véltæknifræðingur.

Hver var hlutur Kommúnistaflokksins að stofnun Leigjendasamtakanna nú fyrir skömmu?

Á fyrsta undirbúningsfundi sem boðað var til í mars, vorum við nokkrir félagar flokksins með í tilrauninni. Þetta var fámennur fundur, en fólkið sem mætti kom víða að. Á þessum fundi og næstu var rætt um á hvern hátt væri hægt að standa að stofnun leigjendasamtaka og gera þau öflug. Leigjendur eru algjörlega réttlaus hópur í okkar þjóðfélagi og hafa sem leigjendur ekki sterka stöðu. Húseigendur geta beitt fyrir sig þeim lögum sem búin hafa verið til fyrir þá og látið bera fólk út á götu þegar þeim sýnist.

Við töldum nauðsynlegt að ná sem bestu samstarfi við verkalýðsfélögin. Verkafólk skapar öll auðævi þessa þjóðfélags og getur með því einfaldlega að stöðva vinnu sína, stöðvað alla framleiðsluna og þar með gróða auðvaldsins. Auðherrarnir verða því að setjast að samningaborðinu þegar samtök verkafólks beita sér. Þetta var líka niðurstaða þessara funda og var því frá upphafi reynt að ná samstöðu með sem flestum verkalýðsfélögum. Það er rétt að geta þess, að þó þetta sé mjög brýnt hagsmunamál fyrir margt verkafólk, þá hefur forystan í verkalýðsfélögunum ekki sinnt þessu máli hingað til svo orð sé að gerandi. Því er ekki nóg að hafa samband við stjórnir þessara félaga, heldur verður verkafólk sem er leigjendur að berjast fyrir þessu máli innan sinna félaga.

Undirbúningsfundur leigjendasamtakanna var svo haldinn í byrjun apríl. Á þeim fundi voru stofnaðir 9 hópar til að sjá um rannsóknir á ýmsum þeim málaflokkum er varða hagsmuni leigjenda. Náðist all góður árangur hjá sumum hópunum. Samtök leigjenda voru svo stofnuð í miðjum maí. Hlutur Kommúnistaflokksins var sá að senda nokkra af félögum sínum til liðs við það fólk sem sýnt hafði þessu máli áhuga og hafa þeir síðan starfað þar ötullega.

- Kommúnistaflokkurinn er ungur að árum. Hefur hann markað sér ákveðna stefnu í málefnum leigjenda?

Kommúnistaflokkur Íslands m-l var stofnaður á páskum 1976. Þeir sem stóðu að stofnun hans voru aðallega félagar úr KSML, en innan KSML höfðu málefni leigjenda verið tekin upp og skrifað um þau í Stéttabaráttuna. Þar var meðal annars bent á nauðsyn stofnunar leigjendasamtaka.

Kommúnistaflokkurinn tók ákveðna afstöðu til leigjenda þegar á stofnþingi sínu og er hún birt í bæklingnum Hvað vill KFÍ/ML, sem fæst í bókabúðinni Rauða Stjarnan.



Frá undirbúningsfundi að stofnfundi leigjendasamtaka í apríl 78.

- Er stefna Kommúnistaflokksins í leigjendamálum frábrugðin stefnu annara stjórnmálaflokka?

Flestir flokkanna hafa ekki haft neina stefnu í þessu máli, að því mér er best kunnugt og ef þó skyldi leynast einhver ályktun þeirra þar um, þá hafa þeir ekki haft hátt um hana. Um það vitnar kannski best, að síðan lögum um leigu húsnæði var breytt á 5. áratugnum og öll réttindi leigjenda afnumin, þá hefur engin ný löggjöf verið sett, þó svo að allir núverandi þingflokkar hafi setið í ríkisstjórn síðan þá. Mest hefur borið á afstöðu íhaldsins sem snýst gegn því að hróflað verði við okri leigusala, sem þeir stunda í skjóli einkaeignar sinnar.

- Hver telur þú að séu megin markmið hinna nýstofnuðu Leigjendasamtaka, sem nærtækustu verkefni og sem langtímamarkmið?

Ég tel að þau séu raunverulega þau sömu og segir í ályktun um húsnæðismál sem gerð var á stofnþingi KFÍ/ML Þar segir m.a.: "Til þess að berjast gegn húsnæðisokrinu og því ófremdarástandi sem ríkir í húsnæðismálum, setur KFÍ/ML fram þessar kröfur:

- Nýja löggjöf um húsnæðismál - réttindi leigjenda verði tryggð.
- Húsaleiga íbúðarhúsnæðis verði frádráttarbær til skatts.
- Byggðar verði ódýrar leiguíbúðir á vegum ríkis og bæja í stórum stíl, til að svara þörfum láglaunafólks."

- Hvernig telur þú að standa eigi að uppbyggingu og innra skipulagi Leigjendasamtakanna

Samtök sem þessi þurfa að byggja á fjöldavirkni og sem nánustu samstarfi við verkalýðsfélögin. Þau þurfa að sjálfsögðu fastan samastað til þess að hægt sé að hafa samband við þau og til þess að þeir hópar sem starfandi verða innan þeirra geti haft einhvern samastað.

- Hverjar eru forsendurnar fyrir því að Leigjendasamtökin verði virkilegt afl í þjóðfélaginu, sem varið geti hagsmuni umbjóðenda sinna?

Að verkafólk sem er í verkalýðsfélögunum beiti sér innan sinna félaga fyrir því að málefni leigjenda séu liður í kjarabaráttunni og að þröngva löggjafanum til að setja lög sem tryggi leigjendum sjálfsögð lýðréttindi.

- Er eitthvað sem þú vilt segja í lokin?

Leigjendasamtökin eru ung og óreynd í dag, en mér finnst það sem þegar hefur verið gert lofa góðu. Almennur áhugi virðist vera á því að þessi samtök séu til og sem virkust. Því vil ég vænta mikils af þeim í framtíðinni.

Skólinn í Kína

Heimsókn í miðskóla 171 í Peking

Önnur grein

Við spurðum þá um vandamál agans og varðandi mismunandi stöðu nemendanna.

Þetta hefur verið vandamál, sögðu þeir, einkum á valdatíma fjórmenninganna. Afstaða fjórmenninganna til menntunar var að nám væri til einskis, það væri sóun á tíma sem betur væri varið til pólitískra fræðistarfa. Vitaskuld var þetta ekki afstaða allra nemenda og kennara en moldviðrið var slíkt, sem fjórmenningarnir þyrluðu upp, með sínum últra-"vinstri" slagorðum, að fjöldi starfsmanna skólanna ruglaðist í ríminu. Vegna þessa lækkaði þekkingarstig sumra nemenda og þeir neituðu að læra. Afleiðingin er stór hópur nemenda, jafnvel útskrifaðir með próf en enga þekkingu. Gott dæmi er einn nemandi sem á prófi skilaði blaðinu með svohljóðandi áletrun: "Ég er verkamaður og hef þar af leiðandi ekki tíma til að læra!" Hann kunni ekkert, svaraði engu á prófinu en náði samt!

Þetta hafði ekki aðeins áhrif í barna-og miðskóla heldur í öllu skólakerfinu. Stúdentar útskrifuðust úr háskólum án þess að kunna nokkuð í faginu!

Vegna þessa ástands hefur orðið að grípa til ákveðinna ráðstafana. Ein þeirra er að raða í bekki eftir þekkingu nemenda. Það var ekki gert áður en þetta skref aftur á bak er nauðsynlegt til að geta lagfært hið slæma ástand.

Með þessu fyrirkomulagi er auðveldara að veita hverjum nemanda umönnun eftir þörfum hans og veita mismunandi kennslu eftir þekkingarstigi hvers nemanda. Hinir lengra komnu fá einnig frekari umönnun, aðrir sem ekki hafa næga þekkingu fá jafnvel grundvallarnám. Þannig er séð til þess að allir nái framförum í námi. Síðarnefndi hópurinn þarf vitaskuld miklu meiri umönnun. Þessvegna hefur það komið til að kennarar hafa notað frítíma sinn til að kenna þeim með það að markmiði að koma þeim upp á það þekkingarstig að þeir geti náð eðlilegum námshraða og hagnýtt sér eðlilega kennslu.

Markmið kennslunnar er þetta og kennslan tekur mið af og viðurkennir mismun nemendanna.

Þegar hér var komið sögu beindum við tali okkar að ungu stúlkunum tveimur sem tóku á móti okkur og fylgdu okkur um skólann. Þær notuðu tækifærið og sýndu og æfðu enskuna sína.

Þær sögðu okkur að flestir nemendurnir væru vel agaðir og almennt séð væru þeir með athyglina við námið. Svo eru líka til nemendur sem hlusta ekki og tala þeim mun meira sjálfir. Þeir ná oftast lakari árangri í námi. Þær sögðu okkur að undir stjórn fjórmenninganna hefðu mikil vandamál orðið til, nokkrir nemenda hefðu orðið gjörsamlega óstýranlegir. Síðan hefði þetta breyst til batnaðar. Ef nemandi hefði hátt væri hann skammaður af hinum. Hann væri gagnrýndur af bekkjarfélögunum "og hann verður að þegja" bættu þær við og brostu.

Hér tók skólastjórinn aftur til máls og viðurkenndi að þetta hefði verið mjög alvarlegt vandamál. (Í Kína eru vandamál ekki bara litin "alvarlegum augum", þau eru líka leyst). Fjórmenningarnir hvöttu ákaft til stjórnleysis og lýðræðisöfga. M.a. settu þeir fram kenningu um að allur agi væri kúgun og ætti þess vegna að hverfa! Afleiðingin varð sú að nemendur virtu ekki reglur skólans, hlýddu ekki kennururum, brutu húsgögn og rúður og lögðu jafnvel hendur á kennarana. Nemendurnir voru hinsvegar úrskurðaðir saklausir, m.a. með samanburðinum við verkamenn 19du aldarinnar sem vitnað var til í síðustu grein.

Þetta átti að þjóna því markmiði fjórmenninganna að skapa óreiðu í þjóðfélaginu og koma síðan sem frelsarar og taka völdin. En áður en til þess kom voru þeir handteknir og sitja nú í stofufangelsi.

Núna stendur yfir gagnrýnisherferð á hugmyndum fjórmenninganna. Stjórnleysið sem þeir stóðu fyrir er gagnrýnt. Vegna þessa hefur vitund nemenda aukist. Markmiðið er að nemendur sýni sjálfsaga.

Þeir sem halda reglur eru gerðir að fyrirmyndum en hinir eru gagnrýndir. Almennt séð eru hinir óhlýðnu einnig latir í námi. Til að uppræta þessar skoðanir meðal nemendanna og ýmis borgaraleg áhrif er reynt að fá nemendur til að skilja tilgang menntunar, samvinnu og að tengja sjálfan sig umhverfinu.

Skólastjórinn lauk máli sínu með því að þetta væri stöðugt vandamál, það yrði ekki leyst með "patent"lausn í eitt skipti fyrir öll.

Í næstu grein verður fjallað um innra starf skólans, skipulag kennslunnar og sagt verður frá 100 daga stríðinu í háskóla í Peking.



Í Kína eru farnar langar og strangar leiðréttingar-og gagnrýnisherferðir. Pólitískar umræður eru miklar og líflegar. Þær miðast af því að læra af því sem rétt er gert og af því ranga. Þannig þróast þjóðlífið fram á við.

Leiðrétting

Tvær villur slæddust inn í fyrstu greinina um skólann í Kína. Í fyrsta dálki neðarlega stendur að í nágrenni skólans sé verksmiðja og lítil "kolanáma". Glöggir lesendur hafa sjálfsagt áttað sig á því að varla er kolanáma inni í miðri Peking. Enda á þarna að standa kommúna en þar stunda nemendur landbúnaðarstörf.

Í þriðja dálki er sagt að "tækninám" hafi verið stytt úr 5 árum í 3 ár á valdatíma fjórmenninganna. Þetta á að vera læknanám.

Stéttabaráttan biðst velvirðingar á þessum villum.

Ástæðan er líklega illlæsilegt handrit greinarhöfundar.


Benedikt Kristjánsson:

Við verðum að efla áhrif Kommúnistaflokksins og byggja hann upp af verkafólki

Benedikt Kristjánsson verkamaður skipar þriðja sæti á framboðslista Kommúnistaflokks Íslands til alþingiskosninganna.
Benedikt, sem er 23 ára gamall, hefur verið starfandi í marxísku-lenínísku hreyfingunni á Íslandi svo að segja frá upphafi. Hann hefur unnið ýmis konar verkamannavinnu og verið mjög virkur innan Verkamannafélagsins Dagsbrúnar undanfarin ár. M.a. sat hann þing Verkamannasambandsins, sem haldið var fyrir seinustu áramót og var einn þeirra, er stóðu að mótframboðinu gegn stjórn Dagsbrúnar fyrr á þessu ári.
Tíðindamaður Stéttabaráttunnar hafði eftirfarandi viðtal við Benedikt:

- Nú ert þú einn þeirra sem hafa staðið í því að skipuleggja andstöðulið innan Dagsbrúnar gegn stjórn félagsins. Hvert er markmið slíks andstöðuliðs og hver er árangurinn af þessu starfi?
- Markmið okkar sem myndum svokallaðan óformlegan Baráttuhóp Dagsbrúnarmanna er að gera verkalýðsfélagið að baráttutæki, gagnstætt því sem það er nú í höndunum á Eðvarð og Guðmundi J. Við ætlum okkur í rás tímans að færa skipulag félagsins til þeirra vega að mikilvægustu ákvarðanirnar um kjarakröfur og baráttuaðferðir, séu teknar af verkamönnum á vinnustöðum. Ég tel að til þess að við getum náð þessum markmiðum fram, verðum við að fella núverandi stjórn félagsins, því hún hefur á undanförnum árum afhjúpað fjandsamlega starfshætti sína í garð verkamanna. Það þekkja dagsbrúnarmenn auðvitað lang best og er því óþarfi að tíunda svik þeirra öllu meir hér.
Um árangur af starfi Baráttuhóps Dagsbrúnarmanna, er margt hægt að segja, þau sjö ár sem ég hef unnið á félagssvæði Dagsbrúnar. Ég tel að við yngri verkamennirnir höfum tekið upp þráðinn í baráttunni við afturhaldssama krataforingja þar sem róttækir sósíalískir verkamenn voru áður og eru margir hverjir enn. Við höfum barist fyrir því að félagið væri lýðræðislegra, héldi fleiri fundi til að verkamenn hefðu tækifæri til að hafa áhrif á gang mála og fyrir öflugu fræðslu og útgáfustarfi. Það gefur auga leið að akurinn verður að plægja og sá ef uppskera á að fást, við verkamenn hljótum afar takmarkaða skólagöngu og af hálfu félagsstjórnarinnar er nær ekkert gert til að auka pólitíska og félagslega menntun okkar. Ef verkalýðsstéttinni á að takast að breyta því arðránsþjóðfélagi er við höldum uppi með vinnu okkar, verðum við að öðlast pólitíska þekkingu til þess að geta breytt því. Til þess að ná m.a. þessum markmiðum fram höfum við orðið að treysta á eigin krafta, okkar pyngju og knappan tíma utan vinnu, við fáum engan aðgang að fræðslusjóði félagsins er skiptir miljónum eða aðstöðu er félagið hefur og við borgum með háum félagsgjöldum okkar sem eru 1,2% af kaupinu. Samþykktir fjölmennra félagsfunda um útgáfustarf eru brotnar af stjórninni, því hennar eina takmark virðist vera að halda félaginu og baráttu verkamanna niðri svo að fámennur hópur geti ráðið öllum ákvörðunum. Þess vegna höfum við farið þá leið að gefa út Dagsbrúnarverkamanninn, sem hefur komið út átta sinnum undanfarin þrjú ár og verið dreift ókeypis til dagsbrúnarmanna.

Fyrir nokkrum árum gengumst við fyrir kjararáðstefnu verkamanna en niðurstaða þeirrar ráðstefnu var að baráttan fyrir átta stunda vinnudegi á lífvænlegum launum væri sú eina krafa er gæti sameinað verkamenn í hagsmunabaráttunni. Við höfum barist fyrir því innan félagsins og á þingi Verkamannasambandsins að þessi krafa væri sett á oddinn við samningagerð við atvinnurekendur. Það hefur sýnt sig að þessi krafa okkar er rétt því verkamenn hafa stutt hana og er skemmst að minnast þess félagsfundar er var haldinn fyrir síðustu samninga. En félagsstjórnin var mótfallin kröfunni og neitaði félagsmönnum um lýðræðislega atkvæðagreiðslu um kröfuna. Beinn árangur af starfi Baráttuhóps Dagsbrúnarmanna er sá að nú er fyrir hendi í félaginu samhentur kjarni verka manna er ætlar sér að gera verkalýðsfélagið að baráttutæki. Við höfum mikinn hljómgrunn á meðal verkamanna, þess vegna vitum við að við erum á réttri leið, enda munum við hvergi láta deigan síga í framtíðinni.


Hér á myndinni sést Benedikt Kristjánsson verkamaður með Hjalta son sinn í fanginu.

- Nú varst þú ofarlega á lista mótframboðsins í Dagsbrún. Í hverju felst munurinn á því framboði og framboði flokksins til alþingiskosninga og hvort framboðið er mikilvægara að þínu mati?
- Um muninn á framboðstilraun dagsbrúnarmanna í vetur og framboði Kommúnistaflokks Íslands nú til alþingiskosninganna vil ég undirstrika það, að í vetur mynduðum við félagar KFÍ í Dagsbrún bandalag við alla þá verkamenn, sem voru óánægðir með þann doða og þá deyfð sem er innan Dagsbrúnar. Þar var um það að ræða að fá stjórn á Dagsbrún, er væri fær um að skipuleggja félagsmennina, til þess að hægt væri með góðum árangri að berjast gegn kjararánsárásum atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra. Framboð Kommúnistaflokksins hefur fyrst og fremst þann tilgang að upplýsa fólk um það arðránsþjóðskipulag er við búum í og um þingræðislegar leikreglur þess. Þær breyta ekki skiptingu þjóðarauðsins, frá auðmönnum er mynda borgarastéttina, til okkar er allan auðinn sköpum með óhóflegum vinnuþrældómi. Vissulega munum við reyna að koma málsvara verkafólks og annarrar vinnandi alþýðu inn á þing til þess að styðja baráttu vinnandi fólks í þjóðlífinu. Um það hvort framboðið, í Dagsbrún eða framboð Kommúnistaflokksins til Alþingis sé mikilvægara er erfitt að dæma um. Í báðum tilfellunum eru hagsmunir hins óbreytta manns á oddinum gegn auðvaldinu og ríkisvaldi þess og þeim talsmönnum innan verkalýðshreyfingarinnar sem mótfallnir eru skipulagningu fjöldans til baráttu gegn vandamálum þeim er auðvaldið í landinu ber ábyrgð á.
- Margir halda því fram að framboð til vinstri við Alþýðubandalagið séu skemmdarstarf að því leyti, að þau eyðileggi fyrir Alþýðubandalaginu, en hjálpi íhaldinu. Hverju viltu svara þessum athugasemdum?
- Þessi spurning felur í sér þau einu rök sem Alþýðubandalagsforingjarnir hafa komið fram með gegn framboði Kommúnistaflokksins. Við sem störfum í Kommúnistaflokknum erum þar vegna þess að Alþýðubandalagið er orðið nútíma krataflokkur er ætlar sér ekki að breyta þjóðskipulaginu, heldur gera á því smávægilegar endurbætur.
Alþýðubandalagið er ekki byggt upp af verkafólki er ræður stefnunni með lýðræðislegum ákvörðunum, heldur er gleypt við hvers kyns framagosum úr röðum menntamanna eins og t.d. Ólafi Ragnari Grímssyni. Við vitum vel að slíkir menn munu svíkja þegar mest á ríður fyrir verkalýðshreyfinguna að standa saman. Það hafa fyrri dæmi sýnt. Með því að kjósa Alþýðubandalagið í þessum þingkosningum, með nótum eins og t.d. Ólafi Ragnar, er fólk í raun og veru að kjósa til hægri.
Ég held að Alþýðubandalagið geti þakkað Kommúnistaflokknum fimmta manninn í borgarstjórn og þá staðreynd að íhaldið er fallið í Reykjavík.
Varðandi þingkosningarnar þá er ekki um það að ræða að ef þú kýst Kommúnistaflokkinn muni meirihluti núverandi stjórnar halda velli. Til að fella þann íhaldsmeirihluta Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins sem nú ræður á Alþingi, þyrftu Alþýðubandalagið og aðrir stjórnarandstöðuflokkar að fá helmingi fleiri atkvæði en þeir fengu í bæjar-og sveitarstjórnarkosningunum. Þeir þyrftu að vinna 12 ný þingsæti og ég held að allir þeir sem eitthvað hafa fylgst með kosningum geri sér grein fyrir því að slíkt er útilokað í einum kosningum. Atkvæði greidd Kommúnistaflokknum verða því á engan hátt til þess að styðja við núverandi valdakerfi íhalds og framsóknar. Stuðningur við K-listann verður aftur á móti til þess að mótmæla þessari ríkisstjórn, samtryggingarkerfi gömlu flokkanna og þeirri háskalegu hægri þróun sem forystulið Alþýðubandalagsins er í. Allir baráttufúsir verkamenn ættu því að styðja framboð Kommúnistaflokksins, því það er flokkur sem er byggður upp af verkafólki og berst fyrir hagsmunum okkar.
- Þar sem þú hefur starfað mikið að undirbúningi framboðs Kommúnistaflokksins til alþingiskosninganna væri fróðlegt að vita hvernig þetta starf hefur gengið fyrir sig og hvernig reyndist að fá mannskap til að vinna þetta mikla starf?
- Undirbúningur starfsins að kosningunum hefur gengið mjög vel. Nú næsta sunnudag 18. júní munum við halda kosningafund í Iðnó og þangað ættu allir sem hafa áhuga á stefnu okkar að leggja leið sína. Við höfum skorað á Alþýðubandalagið til kappræðufundar um málefni kosninganna og þá sérstaklega verkalýðsmálin. Það er ekki enn útséð um það hvort þeir þora að mæta og standa fyrir máli sínu. Eins og flest fólk veit, hafa öll ný framboð til alþingiskosninganna nær alveg verið útilokuð frá þátttöku í útvarpi og sjónvarpi. Þar stóð fulltrúi Alþýðubandalagsins með fulltrúum Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, svo er nú farið afstöðu þeirra til sama réttar allra til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þetta hefur orðið til þess að fjöldi fólks hefur komið til liðs við okkur í undirbúningi kosninganna. Ég er mjög bjartsýnn á að vinnandi fólk veiti Kommúnistaflokknum sterka stuðningsyfirlýsingu í þessum kosningum.

Fátt um svör hjá Eðvarði og Guðmundi J.

Eins og lesendur Stéttabaráttunnar og dagblaðanna vita glöggt, voru þeir Eðvarð Sigurðsson og Guðmundur J. Guðmundsson, kærðir til miðstjórnar ASÍ, vegna þess að þeir eru ekki búnir að halda aðalfund Dagsbrúnar, sem þeir eiga lögum samkvæmt að vera búnir að halda fyrir fjórum mánuðum. Miðstjórn ASÍ vísaði kærunni til stjórnar Verkamannasambandsins, en formaður þess, sjálfur Guðmundur J. Guðmundsson, hefur látið hafa eftir sér að ennþá hafi engin afstaða verið tekin til kærunnar. Er blaðamenn nokkura blaða spurðu Eðvarð og Guðmund um ástæðurnar fyrir því að ekki væri enn búið að halda fundinn, var fátt um svör. Þó sagði Eðvarð að tekin hefði verið upp ný aðferð við innheimtu félagsgjalda í ársbyrjun 1977. Þess vegna væri ekki hægt að leggja fram reikninga, því þeir hafa ekki yfirlit yfir þá Dagsbrúnarmenn sem greitt hafa félagsgjöld fyrir árið 1977. Þar rekur hver lygin aðra.
Eðvarð Sigurðsson dæmdi mótframboð

Framhald á síðu 5.


Guðmundur J. Guðmundsson formaður Verkamannasambandsins, varaform. Dagsbrúnar með meiru


Eðvarð Sigurðsson formaður Dagsbrúnar, þingmaður Alþýðubandalagsins með meiru.

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

Setning ársins

Sjálfstæðisflokkurinn setti upp smáleikþátt í flokkakynningu í sjónvarpi á mánudaginn í síðastliðinni viku.

Geir Hallgrímsson brúkaði alvarlegu augun að vanda og lét tvær ungar stúlkur spyrja. Þetta var einkar heimilislegt og átti greinilega að snerta taugar unga fólksins og þeirra kvenna sem fylgja kvenréttindahreyfingunni.

Að vísu vaknaði hjá manni sú spurning hvar efsti maður listans hefði verið staddur.

Ástæða þess að þessi þáttur er hér gerður að umtalsefni er þó ótalin. Í honum kom nefnilega fram setning ársins ef ekki meira.

Geir talaði nefnilega um gróðann. Til að verja gróðafíkn auðvaldsins varð hann að fegra arðránsgróðann. Hann væri nefnilega "sjálfstæð verðmætasköpun dugmikilla athafnamanna."

Nú rifjaðist upp vísan Játning eigingirninnar '72:

Gróðahyggja og gróðavon
gerir alltaf betur.
Þetta sagði á þingi í vetur,
þursinn hr. Hallgrímsson.

Nú skulum við vona að Geir og hinir auðherrarnir geri á þessu vísindalega könnun og sanni staðhæfinguna. Það hlýtur að vera hægt. Eina sem þarf er "dugmikill athafnamaður". Setjum hann í einangrun og af honum ætti að spretta gróði .. Eða hvað?

Nei, Geir Hallgrímsson. Gróði er ekki "sjálfstæð verðmætasköpun dugmikilla athafnamanna". Ekki einu sinni þinn gróði.

Allt er þetta afrakstur vinnu verkalýðs. Allt sem byggt hefur verið og búið til, hefur verkalýðurinn gert. Allt sem er framleitt er, er framleitt af verkalýðnum og gróðinn er sprottinn af framleiðslunni, af vinnu verkalýðsins. Gróðinn, æðsta keppikefli Geirs og hinna auðherranna, er nefnilega framleiðsla verkamannanna. En verkamaðurinn fær ekki að eiga afrakstur vinnu sinnar, heldur er hann rændur honum. Og hverjir eru ræningjarnir?

Jú, Geir Hallgrímsson og hinir auðherrarnir. Þeir velta sér upp úr þessum stolna gróða. Og þeir þykjast ekki vita hvaðan hann er fenginn.

Verkamenn.

Eigum við að styðja ræningjana og fulltrúa þeirra? Eða eigum við að leggja drög að því að koma lögum yfir þjófana?



Lítil saga úr kosningabaráttunni

Skipasmíðastöðin Stálvík í Garðabæ hefur verið með í smíðum undanfarið ár togara sem ber heitið Arinbjörn, og er ætlað að bætast í hinn "glæsilega" hafskipaflota Reykvíkinga. En nú bregður svo við rétt fyrir kosningar að borgarstjórnarmeirihlutanum er núið því um nasir að togaraútgerð og önnur fiskvinnsla sé á hröðu undanhaldi í borginni. Skipum fari fækkandi og frystihúsin séu úrelt.

Það er erfitt fyrir þá í einni svipan að gera úrelt frystihús að fullkomnu. En hitt er auðveldara í hita kosningabaráttunnar að hringja suður í Garðabæ og talast svo um að daginn fyrir kosningar til borgarstjórnar skuli koma siglandi fánum prýddur togari til Reykjavíkur, til að bætast í hinn "glæsilega" flota reykvíkinga. Og meira að segja sögðu illar tungur að borgarstjóri vor B-ísleifur ætlaði að vera viðstaddur. Sjónvarpið var komið á staðinn og sjálfsagt útvarpið líka. Var þetta hin glæsilegasta sjón, eins og nærri má geta. En hitt var ekki getið um, að togarinn var alls ekki fullgerður og að líða mun töluverður tími þar til hann fer að veiða fisk. Þetta litla einangraða dæmi sýnir okkur að hinir borgaralegu flokkar (og er Alþýðubandalagið ekki undanskilið) svífast einskis til að gera hlut sinn mikinn frammi fyrir hinum almenna kjósanda.

Í sjónvarpsþætti sem haldinn var daginn fyrir kosningar minntist Birgir Ísleifur einmitt á þetta glæsilega fiskiskip reykvíkinga og taldi þetta vera íhaldsmeirihlutanum að þakka. Í þessum þætti komu fram mörg önnur merkileg sjónarmið. Eins og sú skoðun Björgvins Guðmundssonar, að Gísli Sigurbjörnsson forstjóri elliheimilisins Grundar væri að vinna þjóðþrifaverk með því að reka þetta elliheimili. En hann og hans líkar gleyma uppruna þessa manns? - Þjóðernisflokksins í þá daga.

Fulltrúi Alþýðubandalagsins, Sigurjón Pétursson, hafði líka margt að segja um æskulýðsmál. Hann sagði í sambandi við svokallað unglingavandamál, að það þekktist fyrst og fremst í Breiðholti. Forsendur? Jú, að það væri svo mikið af einstæðum mæðrum í Breiðholti. Hann gat ekki einu orði um að þar væri líka mikið af hjónum sem væru að berjast í bökkum fyrir því að hafa í og á sig og sína.

Þannig reynast í raun allir borgaraflokkarnir, fara í kringum kjarna málsins eins og köttur í kringum heitan graut.

Þegar þessi grein er skrifuð er búið að kjósa til bæjar- og sveitastjórnakosninga og unnu kratar og Alþýðubandalag ótvíræðan sigur. Við kommúnistar fögnum því að sjálfsögðu ... á þeirri forsendu auðvitað að þá kemur í ljós hvert er í raun eðli þessara flokka. Þá sannast að lausnir þeirra á vandamálunum eru þær sömu og íhaldsins. Að skerða kjör og hagi verkalýðs og vinnandi alþýðu.

Eini flokkurinn í dag, sem getur og vill berjast fyrir hagsmunum verkalýðins er Kommúnistaflokkur Íslandsml. Þessvegna kjósum við hann í komandi alþingiskosningum.

lesandi Stéttabaráttunnar

Fátt um svör hjá Eðvarði og Guðmundi J.

Framhald af síðu 4.

Dagsbrúnarmanna í janúar í vetur ógilt á þeim forsendum að margir verkamenn hefðu ekki greitt félagsgjöld fyrir síðasta ár. Hvernig gat hann dæmt mótframboðið ógilt, fyrst hann hafði ekki yfirlit yfir þá Dagsbrúnarmenn er greiddu félagsgjöld árið '77. eftir því sem hann segir sjálfur til að reyna að afsaka þann drátt sem orðið hefur á því að aðalfundurinn yrði haldinn.

Aftur á móti réðst Guðmundur J. Guðmundsson með persónulegum svívirðingum á þá Dagsbrúnarmenn er lögðu kæruna fram, eins og meðfylgjandi úrklippa úr Alþýðublaðinu frá 10. júní sýnir. Slík framkoma ber aðeins vitni um málefnalegan geldingshátt þess sem að falli er kominn og rúinn er trausti og virðingu félagsmanna sinna. Þeir Benedikt Kristjánsson og Sigurður Jón Ólafsson verða fyrir skítkasti frá Guðmundi, því þeir hafa barist fyrir því að félagið héldi sín lög og að verkamenn hefðu einhver tækifæri á því að hafa áhrif á gang mála í Dagsbrún. Nægir að minna á að þessir félagar Kommúnistaflokksins fengu það samþykkt á síðasta Vekamannasambandsþingi, að forystumenn verkalýðsfélaganna héldu fundi á vinnustöðunum til að verkamenn gætu rætt og tekið ákvarðanir um aðgerðir í kjaramálum. En því er ekki að heilsa hjá Dagsbrúnarforystunni. Enginn fundur hefur verið haldinn á vinnustöðunum til að verkmenn ættu kost á að hafa áhrif á gang mála. Síðan síðastliðið haust hefur aðeins verið haldinn einn almennur fundur í Dagsbrún og var hann aðeins um eitt mál, þ.e. öflun heimildar til vinnustöðvunar. Dæmi svo hver sem dæma vill Hver er hræsnari og hver ekki.

sagði að aðalfundurinn yrði örugglega haldinn þegar hægt væri og tími gæfist til. Þá yrði félagsmönnum skýrt frá ástæðum þess að dráttur varð á fundarboðun. Hann sagði ennfremur að ef „þessir ágætu félagar" gætu ekki fundið sér annað til dundurs, en sífelldan róg um forystumenn verkalýðshreyfingarinnar, og tilraunir til að gera þá tortryggilega, að þá byggi þar eitthvað meira að baki en lýðræðisást. „Þetta er hræsni og ég hef andstyggð á henni".

Þá lagði formaður Verkamannasambandsins örstutt og greinargott mat á verkalýðsskrif Alþýðublaðsins. Sérstaklega frásagnir blaðsins af atburðum sem urðu í frystihúsinu á Kirkjusandi fyrir nokkrum vikum. „Rangtúlkanir", „lygar", „furðuskrif" og „fáránleg fréttamennska" voru m.a. orð sem hann notaði yfir frásagnir blaðsins. Áður en formaðurinn þakkaði fyrir samtalið og skellti á, sagðist hann helst vera á því að fyrirspurn undirritaðs um aðalfundinn í Dagsbrún væri sprottin af sömu hvötum og kærumálið!



FRIÐAR- OG VINÁTTUSAMNINGUR MILLI JAPAN OG ALÞÝÐULÝÐVELDISINS KÍNA

7/6. Utanríkisráðuneyti Japan tilkynnti í dag, að á næstunni yrði undirritaður friðar- og vináttusamningur milli Japan og Alþýðulýðveldisins Kína. Samningaviðræður um undirritun þessa samnings flosnuðu upp árið 1975, eftir að Japan hafði neitað að ganga að kröfu Kínverja um að samningurinn milli landanna tveggja innihéldi ákvæði gegn drottnunarstefnu Sovétríkjanna. Síðan þá hafa Sovétríkin í auknum mæli afhjúpað heimsvaldastefnu sína og japönsk yfirvöld hafa sýnt merki um vaxandi kvíða, vegna styrjaldarundirbúnings Sovétríkjanna. Talið er að heimsókn sérlegs ráðgjafa bandaríkjaforseta til austurlanda fyrir skömmu hafi haft áhrif á stefnu Japana í þessu máli. Z. Brezesinski fór sem kunnugt er á dögunum til Tokyó og þaðan til Peking og átti viðræður við ráðamenn beggja landanna. Friðar- og vináttusamningur ríkjanna tveggja er mikilsvert skref í þágu friðarins, ekki aðeins í austurlöndum fjær, heldur og í öllum heiminum. Sovésk yfirvöld hafa brugðist harkalega við fyrirhugaðri undirritun samningsins og haft í hótunum við Japani ef af verður.

VÍETNAMAR FJANDSKAPAST VIÐ KÍNVERJA... SOVÉTRÍKIN RÓA UNDIR.

6/6. Varaforsætisráðherra Alþýðulýðveldisins Kína, Teng Hsiao Ping, ræddi í dag við fréttamenn japönsku fréttastofunnar NHK og skýrði þeim frá því að Kína hefði ákveðið að skera niður styrkfjárveitingar sínar til Víetnam. Í viðtalinu sagði Teng m.a.: "Við eigum bágt með að skilja hvers vegna Víetnamarnir taka þessa fjandsamlegu afstöðu. Við veittum þeim aðstoð meðan á styrjöldinni gegn Frökkum stóð og aftur meðan á styrjöldinni gegn Bandaríkjunum stóð. Stuðningur okkar við Víetnam var langtum meiri en stuðningur Sovétríkjanna." Teng sagði að Kínverjar hefðu veitt Víetnömum stuðning á síðustu tveimur áratugum sem nemur ca. 20.000 milljónum Yuan (u.þ.b. 250 miljarðar ísl.kr.). Þessi stuðningur var veittur án nokkurra "pólitískra skilmála". Teng sagði enn fremur að Víetnamarnir hefðu tekið 10 skref meðan Kínverjar hefðu haldið að sér höndum og fyrst eftir að þeir tóku ellefta skrefið hefðu Kínverjar tekið fyrsta skref sitt. Með þessu átti hann við fjandsamlegar aðgerðir sem Víetnamar hafa staðið fyrir gagnvart kínverjum, svo sem yfirlýsingar um yfirgang kínverja, víetnamskar innrásir á kínverskt landsvæði og nú síðast ofsóknir á hendur kínverskættuðum Víetnömum, en meira en 100.000 kínverjar sem bjuggu í Víetnam hafa verið hraktir á brott frá landinu. Ofsóknir þessar hafa orsakað meiðingar og morð á Kínverjum sem áður bjuggu í Víetnam, en Kína hefur nú ákveðið að senda skip til að sækja þetta fólk til Víetnam. Teng bætti því við, að ef Víetnamar tækju tólfta skrefið myndu Kínverjar taka annað skref sitt.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
24. tbl. 7. árg. 13.6.1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17?
101 R.

Hvað eru Rússar að gera í Afríku?

Í maí var gerð innrás í Zaire. Það vakti mikla athygli að "uppreisnarmennirnir komu frá Angóla og voru búnir sovéskum vopnum".

Þetta var ekki fyrsta innrás afríkanskra málaliða rússa og kúbana í Zaire. Fyrir tæpu ári var þetta reynt fyrst, sem mistókst líka.

Allt frá því að rússar öttu saman þjóðfrelsisöflunum í Angóla, eftir frelsisstríðið við Portúgal, og náðu landinu undir sig, hafa þeir notað Angóla sem bækistöð fyrir heimsvaldastefnu sína í Afríku.

Aðalhlutverkið gegn innrás málaliða undir stjórn rússa og kúbana lék þó her Zaire og fékk til þess stuðning ýmissa Afríkuríkja.

Sjálfstæð ríki í Afríku eru í auknum mæli að skilja hættuna sem herir heimsvaldasinna í Afríku skapa.

Af hverju er annað risaveldið hættulegra ?

Svarið er raunar ofur einfalt. Heimsvaldaríkin þróast mishratt. "Blómaskeið" amerísku heimsvaldastefnunnar er liðið og hún er komin í vörn fyrir sovésku heimsvaldastefnunni. Sú síðarnefnda er í sókn og hefur valið Afríku sem tilraunavígvöll, auk þess sem hún reynir að ná auknum áhrifum í Evrópu og Asíu. Í ofanálag við þetta kemur sú staðreynd að sovéska heimsvaldastefnan kemur fram undir hulu "sósíalisma og þjóðfrelsis".

Vegna sóknar sinnar er sovéska heimsvaldastefnan hættulegasti andstæðingur heimsfriðarins. Í hverju landi getur þetta tímabundið snúið öðruvísi við. Á Íslandi er rétt að leggja höfuðáherslu á baráttu gegn hernum og NATO. Jafnframt verðum við að gera okkur grein fyrir því að sovéska heimsvaldastefnan er hættulegasti óvinur friðar á heimsmælikvarða.

Sovéska heimsvaldastefnan starfar líka á Íslandi

Hún hellir áróðri yfir þjóðina og notar samskonar aðferðir og amerískir heimsvaldasinnar.

Hún hefur gert Ísland háð viðskiptum við Rússland á svipaðan hátt og ameríska heimsvaldastefnan.

Við getum aldrei treyst íslenskri borgarastétt fyrir sjálfstæðinu. Hún selur það ef nóg er í boði.

Ameríska heimsvaldastefnan á sér formælanda á ritstjórn Moggans og í flokkeigendaklíku íhaldsins. Þessir aðilar hafa hingað til stutt og varið glæpaverk amerísku heimsvaldastefnunnar.

Sovéska heimsvaldastefnan á sér opinbera formælendur á Íslandi. Þá er helst að finna í Fylkingunni og Alþýðubandalaginu.

Þess vegna er fyllilega réttmætt að krefja forystu AB og Fylkingarinnar svara um afstöðu sína til stríðsbrölts rússa og kúbana í Afríku.

Andheimsvaldasinnar hljóta að fordæma afskipti rússa af innanríkismálum í Afríku.

Við hljótum einnig að afhjúpa sovésku heimsvaldastefnuna og stuðningsmenn hennar

Í Afríku og einkum Angóla eru um 40.000 hermenn og hernaðarráðgjafar. Auk þess eru þar rússneskir hernaðarráðgjafar, m.a. Vasily Ivanovich Petrov hershöfðingi, sem var sendur til Afríku í fyrra sem "hernaðarráðgjafi". Þessi hershöfðingi hafði tugi skriðdreka, tugi MIG-21 orustuþotna, þyrlur til flutninga og vélaherdeild frá Kúbu undir sinni stjórn.

Umsvif rússanna þjóna þeim tilgangi að ná undir sig hluta af Afríku, fá sterkari fótfestu. Ekki bara til þess, heldur líka til að prófa vopnabúnað sinn. Líkt og þýsku fasistarnir gerðu á 4ða áratugnum.

Rússarnir gæta sín að standa ekki í sviðsljósinu sjálfir. Þeir nota m.a. kúbani. Á Kúbu eru 150.000 rússneskir hernaðarsérfræðingar og aðrir sérfræðingar. Rússar ætla að auka innflutning á sykri um 200.000 tonn á þessu ári og þeir selja kúbönum alla olíu sem kúbanir nota. Þannig ráða nýju sarirnir í Kreml Kúbu. Enda hvernig gæti Kúba, með 100.000 manna fastaher, tiltölulega fátækt, eitt sér staðið í stríðsrekstri í Afríku?

Kínverjar hafa reynslu af sovésku heimsvaldastefnunni á þessu sviði. Um 1960 fóru rússar fram á að sjóherir þeirra og kínverja yrðu sameinaðir. Kínverjar neituðu og samstundis gripu sósíalheimsvaldasinnarnir til sinna ráða. Þeir kölluðu á einum degi heim 3000 tæknimenntaða sérfræðinga í Kína og stöðvuðu þannig 380 framkvæmdir af ýmsu tagi því þeir höfðu með sér teikningar og skjöl. Auk þess hættu þeir að selja kínverjum olíu, en Kína var þá alveg háð Sovétríkjunum um olíu.


Það vekur athygli að skömmu eftir valdaránið í Afganistan gerðu rússar samning um "efnahagsaðstoð" við nýju stjórnina.

Þannig starfar sovéska heimsvaldastefnan. Rússar hafa undanfarin ár hellt vopnum yfir Asíu og Afríku. T.d. seldu þeir vopn til Miðausturlanda fyrir 6.120 milljónir dollara frá 1973-76.

Viðbrögð annarra heimsvaldaríkja

Þegar málaliðar rússa og kúbana gerðu innrás í Shabahéraðið í Zaire, auðugt hérað af koparnámum, fannst ýmsum öðrum heimsvaldaríkjum nærri sér höggvið.

Franskir, belgískir, þýskir, enskir og amerískir heimsvaldasinnar sendu ýmist herlið eða "stuðning" til Zaire. Rússar hafa greinilega hætt sér í auknum mæli inn á áhrifasvæði annarra heimsvaldaríkja sem nota tækifærið til að auka íhlutun sína þar.



Frá mótmælaaðgerðum Samtaka herstöðvaandstæðinga, fyrir framan sovéska sendiráðið, 21. ágúst 1977. Þar var mótmælt innrás sovésku heimsvaldaseggjanna í Tékkoslóvakíu 1968 en sú innrás er afleiðing breyttrar stjórnskipunar í Sovétríkjunum, þ.e. að þau eru ekki lengur sósíalískt ríki heldur heimsvaldasinnað auðvaldsríki. Því er nauðsynlegt að vera á varðbergi gagnvart þeim.

Ávarp Sigurðar Jóns Ólafssonar á útifundi herstöðvaandstæðinga:

„Nauðsynlegt að herða enn róðurinn"

Enn á ný höfum við fylkt liði til að leggja áherslu á kröfu okkar um brottför bandaríska herliðsins af Keflavíkurflugvelli og tafarlausa úrsögn Íslands úr Natò. Þetta er og hefur verið mikilvægasta krafan í baráttunni fyrir fullu og óskoruðu sjálfstæði íslensku þjóðarinnar.

Það hafa skipst á ládeyðu- og sóknartímabil í sögu þessarar sjálfstæðisbaráttu, en segja má, að með stofnun þessara samtaka hafi baráttan færst á nýtt stig. Kemur þar einkum til, að ungt fólk hefur í auknum mæli komið til liðs við þessa hreyfingu, ungt fólk, sem ekki hefur látið fordóma kaldastríðsáranna glepja sér sýn.

Áróðursmálgögn borgarastéttarinnar hafa sýnkt og heilagt klifað á því, að vörnum landsins væri best borgið í höndum hermálafulltrúa í Pentagon. En í landhelgisdeilunni síðustu varð mörgum ljós sú staðreynd, að herinn er ekki hér til að vernda Íslendinga gegn þeim, er vilja hlutast til um innri málefni þjóðarinnar. Þá gripu ýmsir einlægir Natò-sinnar og Bandaríkjaleppar til þess áróðursbragðs, að fyrst herinn væri hér á annað borð væri sjálfsagt, að hann borgaði vel fyrir dvöl sína hér á landi. Þeir, sem haldið hafa þessari skoðun á lofti, telja þetta ekki nema sjálfsagt réttlætis- og hagsmunamál.

En hvert er þeirra réttlæti og hverjir eru hagsmunir þeirra? Þeir eru aðeins að réttlæta sitt eigið mannleysi og sinn eigin undirlægjuhátt gagnvart blóðþyrstum stríðshöldum heimsveldisins í vestri. Hagsmunirnir eru, að þeir vilja líka hirða sinn skerf af hermanginu á sama hátt og Geir Hallgrímsson og aðrir stóratvinnurekendur. Áróður þeirra getur birst í ýmsum lágkúrulegum myndum. Ég man ekki betur, en einn þeirra hafi lýst því yfir, að aðstöðugjald af hernum gæti létt nokkuð á byrðum efnahagsörðugleikanna og tryggt kaupmátt launa. Þeir ætlast kannski til, að verkafólk lifi á bónbjörgum bandarískra hermanna, svo það þurfi ekki að leggja á sig alltof mikið erfiði við að afla sér lífsviðurværis. Orð fá varla lýst slíku siðleysi, slíkum vesaldómi. Vont er þeirra ranglæti, en verra þeirra réttlæti, segir á einum stað í Íslandsklukkunni.



Sigurður Jón Ólafsson iðnverkamaður.

Baráttan fyrir brottför bandaríkjahers og úrsögn Íslands úr Natò er eitt brýnasta hagsmunamál íslenskrar alþýðu. Verkalýðshreyfingin hefur gert þá kröfu að einu helsta baráttumálinu. Um það vitna ályktanir þinga Alþýðusambandsins, Verkamannasambandsins, félagsfunda einstakra stéttarfélaga og síðast en ekki síst 1. maí göngur. En verkalýðshreyfingin mætti gera meira af því, að hvetja félaga sína til virkrar þátttöku í þessari baráttu.

Þessum her og þessu hernaðarbandalagi er stefnt gegn alþýðunni hvar sem er í heiminum. Því er það, að við leggjum líka áherslu á hin alþjóðlegu tengsl þessarar baráttu. Samtök herstöðvaandstæðinga hafa það á stefnuskrá sinni að berjast gegn allri heimsvaldastefnu. Innbyrðis barátta risaveldanna ógnar nú heimsfriðnum og ef til stríðsátaka kemur mun Ísland án efa dragast inní þau átök meðan það er ennþá aðili að Atlantshafsbandalaginu.

Það er því nauðsynlegt að herða enn róðurinn í baráttu okkar gegn hernum og fyrir úrsögn Íslands úr Natò. Hér er um lífshagsmuni okkar og sjálfstæði þjóðarinnar að ræða. Við eigum því enn eftir að fylkja liði undir því vígorði, sem tengt hefur okkur saman í þessari þýðingarmiklu baráttu: Ísland úr Natò - herinn burt!